

17

4. gr.

24. jan.

Fyrsti efnismálsliður 6. gr. laganna orðist svo:

Við 1. tölulið: Liðurinn orðist svo:

Reykjavíkurhérað: Reykjavíkurborg og Seltjarnarneshreppur að undanskildum þeim svæðum, sem lögð eru til Álafosshéraðs.

5. gr.

Ákvæði 1. gr. um stofnun Staðarhéraðs koma ekki til framkvæmda, fyrr en það hérað verður skipað.

Síðari málsgrein 8. gr. laganna falli niður.

6. gr.

Lög þessi skulu gilda frá 1. jan. 1945.

Gjört í Reykjavík, 24. janúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Finnur Jónsson.

18

L Ö G

24. jan.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1945 með viðauka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt til ársloka 1945 að innheimta með 100% viðauka vtagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í I.—VI. kafla laga nr. 27 27. júní 1921, stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921 og síðari lögum, sem hafa ákvæði um stimpilgjald, leyfisbréfastgjöld og lestagjald.

Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að innheimta með 50% viðauka gjöld samkvæmt lögum nr. 60 30. des. 1939, 2. gr., um gjald af innlendum tollvörutegundum, og eignarskatt samkvæmt 14. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935.

2. gr.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 54 12. okt. 1944 numin úr gildi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. janúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.